

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags). 378. mál.

Landssamtökin Proskahjálpar þakka fyrir að hafa fengið frumvarpið til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri varðandi það.

Samtökin áréttu ábendingar og sjónarmið sem þau komu á framfæri þegar frumvarpið var kynnt í samráðsgátt stjórnarráðsins.

Samtökin gerðu athugasemdir við þegar felld voru úr lögum ákvæði um 8000 manna lágmarksfjölda þjónustusvæða fyrir fatlað fólk með samþykkt laga nr. 38/018, um þjónustu við fatlað fólk meðlangvarandi stuðningþarfir. Sú breyting varð við gildistöku laganna 1. október 2018.

Þær athugasemdir samtakanna byggðust á því að vandséð væri að fámenn sveitarfélög hefðu burði og aðstæður til að bjóða upp á margbreytilega og stundum mjög sérhæfða þjónustu sem þeim ber að gera samkvæmt lögum og reglum varðandi þjónustu við fatlað fólk. Samtökin áréttu þessa ábendingu og leggja í þessu sambandi áherslu á eftirfarandi.

Mjög mikilvægt er að sveitarfélög hafi yfir að ráða fjölbreyttum þjónustuúrræðum og nauðsynlegri sérþekkingu á aðstæðum, þörfum og réttindum fatlaðs fólks til þess að geta sinnt margbreytilegri þjónustu við það sem það þarf á að halda og á rétt á lögum samkvæmt. Faglegur viðbúnaður þarf að vera til staðar svo að unnt sé að mæta þeim þjónustuörfum sem fyrir hendi eru eða koma upp með tiltölulega skömmum fyrirvara, s.s. sem vegna fæðingar fatlaðs barns eða flutnings fatlaðs einstaklings í sveitarfélag.

Þá er nauðsynlegt að líta til þess að í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, eins og þau eru eftir síðustu breytingar sem gerðar voru á þeim, eru mikilvæg nýmæli sem styrkja rök fyrir nauðsyn þess að sveitarfélög séu nægilega fjölmenn og burðug. Þar má nefna ákvæði um skyldur til að hafa starfsfólk með tiltekna fagmenntun. Fullt tilefni er til að hafa af því áhyggjur að það kunni að vera erfitt fyrir fámenn sveitarfélög að hafa starfsfólk í þjónustu sinni sem býr yfir fullnægjandi og sérhæfðri menntun og þekkingu sem nauðsynleg er og krafa er gerð um í fyrrnefndum lögum.

Þá má í þessu sambandi einnig nefna ákvæði í fyrrgreindum lögum um notendaráð og notendasamráð og um þjónustuteymi með fullnægjandi sérfræðiþekkingu. Augljóst er að til að geta uppfyllt skilyrði og skyldur sem af þeim leiða svo vel sé er afar æskilegt að sveitarfélög séu ekki of fámenn.

Og síðast en ekki síst. Þegar sveitarfélög eru mjög mörg og misburðug verður enn örðugra fyrir ríkið að standa við þá lagalegu skyldu sína að tryggja jafnræði og samræmi milli búsetusvæða fatlaðs fólks.

Í þessu sambandi verður einnig að líta til þess að ósamræmi og/eða ójafnræði á milli búsetusvæða, að þessu leyti, vegur einnig mjög alvarlega að tækifærum fatlaðs fólks til að flytjast á milli svæða og mest að tækifærum þeirra sem hafa miklar þjónustufarir vegna fötlunar sinnar og eru því mest háðir þjónustunni.

Rétturinn til að ráða búsetu sinni er mannréttindi í skilningi stjórnarskrár og mannréttindasamninga sem íslenska ríkið hefur fullgilt. Eftir því sem „þjónustueiningarnar“ eru fleiri eykst hætta á ósamræmi milli þeirra eðli máls samkvæmt.

Virðingarfyllt.

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Þroskahjálpar.